

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur hreppsnefnd Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Miðmundarholt 1-6.

Gerð er breyting á gildandi deiliskipulagi fyrir Miðmundarholt, sem felur í sér að á hverri lóð verður heimilað að byggja eitt íbúðarhús allt að 250 m², sérstaklega ætlað til skammtíma útleigu. Einnig er heimilað að byggja skemmu allt að 500 m² og gestahús allt að 80 m² á hverri lóð. Heimiluð er gisting í atvinnuskyni fyrir allt að 10 manns á hverri lóð fyrir sig. Samþykkt í hreppsnefnd 5. nóvember 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 23. mars 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 9. maí 2021